

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Viðfangsefni úr fjármunarétti

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Viðfangsefni úr fjármunarétti (70%)
ATH. Prófið er tvískipt: Viðfangsefni úr fjármunarétti (70%),
Félagaréttur (30%).

Prófdagur: 5. nóvember 2014 Kl.: 16:00 til 20:00

Próftími alls: 4 klst. Prófblöð
vegna þessa
hluta
prófsins,
þ.m.t.
forsíða: 5

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir Fylgiblöð: Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og líta þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

1. Raunhæft verkefni (25,0%)

Skömmu fyrir fall fjármálakerfisins haustið 2008 fékk X lán frá bankanum Z til kaupa á hlutum í bankanum sjálfum. X var stór hluthafi í bankanum með fulltrúa í stjórn og seljandi hlutanna var bankinn sjálfur. Kaupin voru, auk lánsfjárins, að hluta til fjármögnuð með eigin fé X. X setti til tryggingar láninu ýmsar eignir. Lánið, sem var síðar framselt bankanum Y, kemur á gjalddaga 1. desember næstkomandi og hefur Y gert X það ljóst að ef hann greiðir ekki lánið þegar það kemur á gjalddaga þá mun Y ganga að þeim eignum sem settar voru til tryggingar láninu, en verðmæti þeirra svarar a.m.k. til útistandandi lánsfjárhæðar. X telur hins vegar að maður hafi verið í mysunni þegar hann festi kaup á bréfum í Z á sínum tíma. Nánar tiltekið, þá telur hann að verð það sem hann galt fyrir bréfin hafi fráleitt endurspeglað verðmæti þeirra, meðal annars vegna meintrar markaðsmisnotkunar og bankinn, þ.e. Z, hafi í reynd verið kominn að fótum fram fjárhagslega á tímamarki kaupanna. Vill X hvorki greiða lánið né að Y geti gengið að tryggingunum þegar það kemur á gjalddaga.

Takið rökstudda og ítarlega afstöðu til eftirfarandi þátta:

- (i) Gæti X reynt að bera fyrir sig ógildingarreglur samningaréttar í því augnamiði að losna undan skuldbindingu sinni og hvaða ógildingarreglur kæmu helst til álita? (10,0%)
- (ii) Hvaða þýðingu kynni það að hafa m.t.t. svarliðar (i) ef sú forsenda er gefin að X hafi verið einstaklingur frekar en lögaðili? (2,0%)
- (iii) Gæti X reynt að bera fyrir sig vanefndaúrræði kröfuréttar í tengslum við kaupin á hlutabréfunum og hvaða vanefndaúrræði kæmu helst til álita? (7,0%)
- (iv) Gæti X reynt að bera fyrir sig skaðabótareglur utan samninga (sakarreglan, culpa) vegna kaupanna og þá mögulega gagnvart hverjum helst? (3,0%)
- (v) Ef Y var grandlaus um ætluð lögbrot Z þegar hann fékk kröfuna framselda sér hefur slíkt sérstaka þýðingu varðandi réttarstöðu X? (3,0%)

2. Raunhæf verkefni (10,0%)

i) *A vildi kaupa lítinn bíl af B. A sendi B tölvubréf á sunnudagsmorgni og bauð 1 milljón króna í bílinn. Tölvubréfinu lauk með orðunum: „tilboð mitt gildir til hádegis í dag.“ B svaraði strax með tölvubréfi: „njaaa, skal láta þig hafa hann á 1,5.“ A svaraði klukkan 10:45: „Nei takk, of bratt, sleppum þessu.“ B hringdi þá strax í A og sagði: „Ok, tek þá upphaflega boðinu. Göngum frá þessu á morgun.“ A hafði þá snúist hugur og var afhuga viðskiptunum.*

Er A bundinn af hinu upphaflega tilboði samkvæmt reglum samningaréttar? (5,0%)

ii) *X fór þess nýverið á leit við Y að hann myndi hanna fyrir sig auglýsingabækling, sem skyldi telja 16 blaðsíður. Í tölvubréfi til framkvæmdastjóra Y óskaði X eftir því að verkið myndi ekki kosta meira en 1,5 milljónir króna. X fékk ekkert svar. Í símtali X við einn starfsmanna Y nokkru síðar upplýsti starfsmaðurinn að þeir hefðu fengið beiðnina og væru byrjaðir að vinna. Síðan sagði starfsmaðurinn: „Verðið verður, að óbreyttu, einhversstaðar á þeim slóðum sem þú nefndir, en þínu erfitt að segja nákvæmlega.“ Nú bregður svo við, eftir að gerð bæklingsins er lokið, að X hefur fengið í hendurnar reikning upp á 3,5 milljónir króna.*

Fyrir liggur að verkið varð nokkuð meira að umfangi en upphaflega var ráðgert, og taldi bæklingurinn 24 blaðsíður þegar til kom.

Fjallið um þau samningaréttarlegu álitafni, sbr. og lög nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sem eftirfarandi atvikalýsing gefur tilefni til. (5,0%)

3. Ritgerð (15,0%)

Gerið grein fyrir helstu lokum kröfuréttinda.

4. Tengingar (5%)

Athugið eftirfarandi:

- (i) Hver rétt tenging vegur 1,25%.
- (ii) Dregið er frá 0,625% fyrir hverja ranga tengingu.
- (iii) Sé látið hjá líða að tengja jafngildir það rangri tengingu.
- (iv) Aðeins ein tenging er rétt.

Ígildi greiðslu	Afsláttur
Ógilding	Vangildisbætur
Riftun	Efndabætur
Ógilding að hluta	Skuldajöfnuður

5. Krossar (15%)

Athugið eftirfarandi:

- (i) Hver kross vegur 1,0%.
- (ii) Dregið er frá 1,0% fyrir hvert rangt svar.
- (iii) Sé látið hjá líða að svara telst svarið hvorki rétt né rangt.
- (iv) Aðeins einn svarmöguleiki telst réttur.

1. Af skilgreiningu á hugtakinu loforð leiðir að loforð telst skuldbindandi fyrir loforðsgjafa um leið og loforðsmóttakandi hefur samþykkt það.

- Rétt
- Rangt

2. A ehf. á fjárkröfu á hendur B ehf. Jón á allt hlutafé í B ehf. Hann selur hlutaféð þriðja aðila án þess að upplýsa A ehf. Af reglum kröfuréttar leiðir að samþykki A ehf. var nauðsynlegt fyrir sölunni.

- Rétt
- Rangt

3. Sterk ógildingarástæða getur leitt til þess að samningur telst ógildur, jafnvel ef sá sem byggja vildi rétt á henni vissi ekki af tilvist hennar.

- Rétt
 Rangt

4. Dómstólar hafa, á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, heimild til að breyta einstökum ákvæðum samnings, jafnvel þannig að önnur ákvæði sama samnings séu talin gilda óbreytt.

- Rétt
 Rangt

5. Samningur getur talist ógildanlegur vegna atriða sem ekki tengjast eiginlegu efni hans.

- Rétt
 Rangt

6. Samhliða ógildingu samnings á grundvelli ógildingarreglna samningaréttar er unnt að krefjast skaðabóta sem gera mann eins settan og ef samningur hefði réttilega verið efndur.

- Rétt
 Rangt

7. A gerir B kauptilboð í tölvubréfi um árabát sem á að renna út á hádegi. Ekkert svar berst. Almennar reglur samningaréttar leiða frekar til þess að tilboðið telst fallið niður.

- Rétt
 Rangt

8. Í Hæstaréttarmáli nr. 557/2002 segir: „Augljóst er að meginforsenda áfrýjanda fyrir kaupunum var sú að með þeim yrði honum kleift að halda námskeið hér á landi í nafni Brian Tracy, en til þess að svo mætti verða var óhjákvæmilegt að undirritaður yrði fyrrgreindur samningur hans við hið erlenda félag. Sú forsenda brast eins og að framan er rakið vegna atvika, sem vörðuðu stefndu. Veldur það ógildingu samningsins og er áfrýjanda því óskýlt að greiða stefndu þær eftirstöðvar kaupverðs samkvæmt samningnum, sem hann er krafinn um í málinu. Samkvæmt því verður hann sýknaður af kröfu stefndu.“ Af reglum samningaréttar leiðir að sú forsenda sem rædd er í textanum þarf að hafa verið gerð að skilyrði í texta samningsins til að Hæstiréttur geti hafa komist að þessari niðurstöðu.

- Rétt
 Rangt

9. A og B gera með sér ráðningarsamning þar sem B skuldbindur sig til að starfa ekki hjá samkeppnisaðila. A getur ekki talist eiga kröfuréttindi á hendur B á grundvelli slíks samkomulags.

- Rétt
 Rangt

10. KH1 framselur KH2 kröfu á hendur SK, án samþykkis SK og gegn vilja hans. SK getur því að réttu lagi greitt KH1 jafnvel þótt hann hafi fengi tilkynningu um framsal.

- Rétt
 Rangt

11. Ekkert er því til fyrirstöðu samkvæmt almennum reglum kröfuréttar að skuldari kaupi kröfu á hendur sjálfum sér og framselji síðan öðrum.

- Rétt
- Rangt

12. Krafa getur fallið niður fyrir tómlætis sakir þótt hún sé ekki fyrnd.

- Rétt
- Rangt

13. Sök (saknæm háttsemi) er órjúfanleg forsenda skaðabótaábyrgðar.

- Rétt
- Rangt

14. Þátttaka í lottói felur í sér gagnkvæmt/tvíhliða kröfuréttarsamband.

- Rétt
- Rangt

15. Forsendubrestur er svokölluð sterk ógildingarástæða.

- Rétt
- Rangt